

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/1420
komudagur 5.3.2007



Reykjavík 2.3.2007

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Þingsályktun um láglendisvegi, 15. mál, öryggi og stytting leiða.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa hefur tekið til umræðu á fundi tillögu til þingsályktunar um láglendisvegi. Umfjöllun nefndarinnar miðast eingöngu við umferðaröryggi.

Að mati rannsóknarnefndarinnar er vert að skoða þá kosti sem fylgja láglendisvegum og jarðgangagerð. Út frá umferðaröryggissjónarmið eru ýmsir ókostir sem fylgja vegum sem liggja í mikilli hæð yfir sjó. Þar stangast gjarnan á öryggissjónarmið, eins og lagning vegriða, og samgöngusjónarmið þar sem halda þarf veginum opnum en vegrið torveldi snjómokstur. Jarðgöng leysa þennan vanda. Gera má ráð fyrir fækkun slysa vegna útafaksturs og slysa í slæmri færð. Rannsóknarnefndin treystir sér ekki til að leggja mat á áætlaðan öryggisávinning vegna þessara aðgerða, enda er um flókna útreikninga að ræða, sem fela á Vegagerðinni eins og segir í tillögunni.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa.